



**Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. janúar 2011**

Góðir Íslendingar

Við Dorrit óskum ykkur gleðilegs árs og vonum að gæfa og farsæld fylgi landsmönnum öllum þótt margir glími enn við mikla erfiðleika, beri ugg í brjósti um næsta dag.

Áramótin minna okkur á að „hratt flýr stund“ og við hvert fót mál hér á Bessastöðum finnum við svo sannarlega aldanna nið.

Á fullveldisdaginn, 1. desember, færði góð fjölskylda hingað merkan grip, gjöf til þjóðarinnar: skrifpúlt Sveinbjarnar Egilssonar sem fyrir tæpum 200 árum var kennari hér við Bessastaðaskóla, lærimeistari Fjölnismanna og annarra merkisbera í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Í sögu Bessastaða sem gefin var út um miðja síðustu öld segir svo um Sveinbjörn Egilsson:

„Í eðli hans og störfum þrinnast saman sterkustu og fínustu þræðir íslenzkra mennta og íslenzks manngildis, eins og það var spunnið öldum saman úr þjóðlegum fræðum og innlendu sögueðli og úr klassískri mennt og kristinni kenningu. Í engum íslenzkum manni síðari alda, sem látið hefur eftir sig ritaðar heimildir, hafa þessir þrír máttarviðir menningarinnar komið eins vel fram ...“

Sveinbjörn var heimsmaður í andanum, skáld, brautryðjandi, kenndi latínu, grísku og hebresku, þýddi kviður Hómers, samræður Sókratesar, mörg rit Biblíunnar. En umframt allt var hann iðjúsamur á akri íslenskra fornbókmennta, samdi orðabók um skáldskaparmálið og átti drjúgan hlut í endurreisn þjóðtungunnar, nýju blómaskeiði í íslenskum skáldskap; efldi þá sýn sem Einar Benediktsson orðaði svo eftirminnilega:

„Ég skildi, að orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu.“

Ingibjörg, móðir Gríms Thomsen, húsfreyja hér á Bessastöðum, sagði um Sveinbjörn Egilsson að hann hefði verið „sú feilaminnsta manneskja sem ég hef þekkt“ en það er hins vegar vert umhugsunar að þegar þau Sveinbjörn voru hér og hann lék á flautu fyrir skólapilta, orti vöggvísuna Fljúga hvítu fiðrildin og sálminn Heims um ból sem samofinn er helgum jólum í hugum okkar eða var kannski að leiðrétta stílana hjá Jónasi Hallgrímssyni og Konráð Gíslasyni við púltið góða, hafði konungurinn í Kaupmannahöfn allt vald í hendi sér, þjóðin engan rétt, frelsi til athafna og orða ekki tryggt og langur tími þar til Jón Sigurðsson og félagar hans í Kaupmannahöfn hófu baráttuna fyrir sjálfstæði Íslendinga.

Skrifpúltið sem nú er komið til Bessastaða minnir okkur á þetta upphaf, áréttar hve ótrúlegur árangur hefur náðst þótt oft hafi verið á brattann að sækja, andstreymið slíkt að nánast er borin von að við getum nú skilið það til hlítar.

Á nýju ári munu hátíðarhöld í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands veita okkur fjölmörg tækifæri til að draga lærdóma af þessari vegferð, hvernig fámennri þjóð fátækra bænda tókst með samstöðu að brjótast undan oki erlends valds, öðlast sjálfstæði og fullan rétt í samfélagi þjóða heims, verða þátttakandi í fjölmörgum samtökum ríkja og þróa hér þrátt fyrir áföll og erfiðleika samfélag velferðar, mennta og heilbrigðis. Árangur sem þrátt fyrir allt skipar okkur í fremstu röð.

Við hæfi er að heiðra á afmælisári í senn Háskóla Íslands og Jón Sigurðsson því krafan um íslenskan háskóla var í áraradír ríkur þáttur sjálfstæðisbaráttunnar. Menntun, fræði og vísindi eru í reynd hornsteinar þeirrar þjóðfélagsgerðar sem heimastjórn, fullveldi og lýðveldistími hafa fært okkur Íslendingum.

Brýnt er að standa vörð um slíkar undirstöður, læra af reynslu þjóða sem í kreppu efltu skóla og hverskonar þjálfun. Nú sækist fjöldi ríkja eftir samvinnu við okkur, einkum vegna þeirrar kunnáttu og tækni sem fræðasamfélagið hefur fram að færa. Því kynntist ég vel á liðnu ári í samræðum við ráðamenn Rússlands, Indlands, Kína og allmargra Evrópuríkja.

Þekking íslenskra vísindamanna, verkfræðinga og tæknifólks við nýtingu hreinnar orku, kortlagning jöklafræðinga, jarðfræðinga og annarra náttúruvísindamanna á undrum landsins, framlag lækna, heilbrigðisstétta, nýsköpun í hugbúnaði og rannsóknir fiskifræðinga – allt eru þetta og mörg önnur fræðasvið burðarásar þeirrar virðingar sem við njótum nú í veröldinni.

Á þessu ári verður Ísland svo í heiðurs sessi á bókahátíðinni miklu í Þýskalandi, alþjóðasamkomu sem hæst ber á vettvangi bókmennta í veröldinni, viðurkenning sem á nýliðnum árum féll í skaut Tyrklands, Kína og Argentínu. Velgengni rithöfunda, vinsældir íslenskrar tónlistar, sigrar leikhúsfólks í London og New York á liðnu ári eru vitnisburður um þrótt nýsköpunar í listalífi þjóðarinnar.

Öll þessi vegferð frá því að Sveinbjörn Egilsson kenndi hér á Bessastöðum við þann eina skóla sem þjóðin þá átti er hvatning til að takast nú á við hin brýnu verk; mörg þess eðlis að ekki þola neina bið.

Efnahagskreppan, hrunið sem við nefnum svo, hefur þrengt svo að þúsundum Íslendinga að í viku hverri bíður fjöldi í röðum eftir matargjöfum. Fátækt hefur að vísu fylgt okkur lengi en nú hefur fjárhagsvandi margra, biðraðirnar eftir mat, orðið að smánarbletti.

Í nýársávarpi fyrir nokkrum árum beindi ég athygli að fátæktinni og sagði þá:

„Æ fleiri festast í fátæktargildru, vítahring sem vonlítið virðist að rjúfa þótt viljinn sé ríkur til að bjarga sér sjálfur án annarra hjálpar. Það er bitur reynsla að þurfa að játa neyð sína á þennan hátt, að sigrast á stoltinu sem okkur öllum er innrætt ...“

Hafi fyrir átta árum, þegar velmegun ríkti hér á flestum sviðum, verið ástæða til að ræða fátæktina er nú brýnt að grípa til aðgerða. Hún er til muna útbreiddari, örlög þúsunda nístandi. Samfélag sem kennir sig við norræna velferð getur ekki liðið að vikulega standi þúsundir í biðröðum eftir mat.

Við skulum sameinast um að afmá þennan smánarblett strax á næstu mánuðum. Íslendingar lyfta grettistaki þegar við leggjumst öll á árar.

Á liðnu ári sýndi þjóðin að hún getur tekið forystuna. Atkvæðagreiðslan 6. mars var afdráttarlaus vitnisburður um hve vel stjórnskipun lýðveldisins virkar þegar mest á reynir, að þjóðin er fullfær um að fara með valdið sem henni ber. Allt tókst það vel þótt ýmsir spáðu öðru.

Þjóðfundurinn og kosning til stjórnlagabings voru svo nýjar leiðir til að laða fram vilja þjóðar og vonandi verður það til farsældar. En þá er áriðandi að allir sem kjörnir eru, hvort heldur þeir sitja á Alþingi, á stjórnlagabingi eða hér á Bessastöðum, hafi jafnan í huga að þeir eru þjónar þjóðarinnar. Það er fólkið í landinu, þjóðin sjálf, sem fer með æðsta valdið.

Stjórnarskrá er ekki bara safn reglna, lýsing á formi. Hún er fyrst og fremst sáttmáli þjóðar við sjálfa sig.

Fáeinum mánuðum eftir bankahrunið hvatti ég til að slíkur sáttmáli þyrfti að

„efla samstöðu og gagnkvæmt traust, fela í sér samkomulag kynslóðanna, styrkja áherslur á gildin sem mólur og ryð fá eigi grandað, hófsemi, heiðarleika, aðhald og hyggindi, festa í sessi þá hugsjón um samhjálp sem ávallt hefur verið leiðarljós Íslendinga þegar áföll og hamfarir valda tjóni, lögmálið sem á rætur í stofnun hreppanna á þjóðveldisöld.

Í slíkum sáttmála gætum við hafið til vegs áherslur á hið opna, gagnsæja og lýðræðislega samfélag þar sem rétturinn til upplýsinga er ávallt virtur við ákvarðanir, stefnumótun og stjórnarhætti.

Sáttmálinn yrði vegvísir sem öllum bæri að virða; eins konar hljómbotn nýrrar sjálfsmyndar og siðferðilegur burðarás í hinu nýja Íslandi sem skapað yrði í kjölfar kreppunnar.“

Þessa hvatningu ítreka ég nú í aðdraganda stjórnlagabingsins og minni jafnframt á að verði ný stjórnarskrá ekki rótfest í skýrum sáttmála öðlast hún vart þann stuðning sem skapar farsælt stjórnarfar; lýðveldisstjórnarskráin var á sínum tíma samþykkt með 95% greiddra atkvæða og 98% kjósenda komu á kjörstað.

Kjarni lýðræðisins er vilji fólksins. Svo einfalt er það, hvað sem líður kenningum eða visku spekinganna.

Hinn eindregni þjóðarvilji hefur á örlagastundum reynst Íslendingum býsna vel og því er mikilvægt að átök, harka eða óbilgirmi lami ekki afl okkar til góðra verka.

Í þessum efnum eru viðbrögðin við gosinu í Eyjafjallajökli lærdómsrík, hollt að leita fyrirmynda í samstöðu bænda og björgunarfélks sem þá fór á vettvang, rétti hjálparhönd, hlúði að búpeningi, sópaði burt öskunni, flutti fólk í öruggt skjól.

Á slíkum stundum eignast Íslendingar jafnan eina sál, sameinast í stuðningi og endurreisn. Hamfarir náttúrunnar hafa löngum kallað fram hið besta í fari okkar.

Hví getum við ekki brugðist eins við þegar jarðskjálftar verða í efnahagslífi, jökulhlaup í fjármálum og bankakerfi? Kannski vegna þess að þá eru áföllin af manna völdum.

Við fögnuðum öll þegar grasið grænt spratt upp úr öskugráum sverði og Ólafur bóndi á Þorvaldseyri gat á ný séð byggið bærast í blænum.

En aktrar þjóðlífsins þurfa líka að verða grænir á ný og nú eru rösk tvö ár frá hruni bankanna, tímabært að við hættum að láta illmælggi og hatursfulla orðræðu hamla för. Bölmóður getur gert að engu áform um umbætur.

Vissulega þarf að komast að niðurstöðu um hvað fór úrskeiðis, gera nauðsynlegar úrbætur og láta þá sem brutu lögin standa reikningsskil gerða sinna; sérstakir saksóknarar munu ásamt dómstólum landsins tryggja að réttlætið verði í hávegum haft.

Að öðru leyti blasir við að þótt margir búi við atvinnuleysi, skuldabyrði eða fátækt njóta flestir landsmenn lífsgæða og kjara sem teljast á alþjóðavísu vel sæmandi. Allur þorri þjóðarinnar getur því spyrnt við fótum, sameinast um að sækja fram, beitt kröftum sínum, menntun og hæfni í þágu endurreisnar.

Á þessu ári þurfa að verða þáttaskil. Við skulum taka höndum saman, hefja nýja för, reynslunni ríkari, gagnrýnni í hugsun, vitrari vegna mistakanna og með hin góðu gildi í veganesti.

Við eigum fagurt og gjöfult land, ríkulegar auðlindir, orku, sjávarfang, forðabúr vatns, matarkistur, hæfileikaríkt fólk, menntaðar kynslóðir, fjölþætta menningu, skapandi greinar, samfélag sem býr vel að hinu besta í tækni nýrrar tíðar.

Við erum til muna betur sett en þau sem komu á vettvang þegar Ísland var enn öðrum háð, þegar Jón Sigurðsson fór að vestan með tignarfjöll Arnarfjarðar greipt í sálu sinni, þegar Skúli Thoroddsen og Theodóra héldu frá Ísafirði hingað til Bessastaða mörkuð af glímunni við Hannes Hafstein, eða þegar Sveinn Björnsson kom nýkjörinn forseti frá Þingvöllum við Öxará.

Úr því að þessum kynslóðum tókst að skila glæstu ævistarfi, skapa Íslandi svo traustan sess í veröldinni að nú vill fjöldi þjóða sýna okkur vinsemi og margar sækjast ákaft eftir samstarfi þá hljótum við að geta sameinast um endurreisn, náð í krafti þjóðarvilja að greiða úr vandamálum sem bíða lausnar.

Liðið ár sýndi að þjóðin fer vel með valdið og vonandi ber hið nýja í sér samstöðu um kaflaskil, bjartsýni og betri tíð, umburðarlyndi og virðingu hvert fyrir öðru, ásetning um að aðalsmerki Íslendinga verði velferð allra, heilbrigt stjórnarfar, heiðarleiki.

Við stöndum á örlogaríkum vegamótum, þurfum að ganga saman til móts við nýja tíma. Það er verkefni dagsins. Megi gæfan fylgja okkur öllum í þeirri för.